

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/1999

frá 24. september 1999

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/98 frá 18. desember 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 7c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

„7d. **398 L 0027**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda (Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 297, 18.11.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 50, 18.11.2000, bls. 97.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner